



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 25. júní 2024
24062653/502.10 1A

Efni: Beiðni um heimild til sölu hússins að Vallagerði 26, eign F2065799

Fyrir hönd Húsnæðisnefndar Kópavogs óskar undirritaður eftir heimild bæjarstjórnar til að selja einbýlishúsið að Vallagerði 26 í Kópavogi. Um er að ræða hús sem byggt var á árinu 1960 og bærinn eignaðist við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga á árinu 2011. Fasteignamat eignarinnar er 147,8 m.kr. og birt stærð 249,1 m².

Eins og fram kemur í meðfylgjandi samantekt frá Umhverfissviði varðandi ástand hússins og í samantekt Velferðarsviðs varðandi notagildi þess sem sambýli, þá hefur starfsemi í húsinu verið lögð af og lagt til að það verði selt. Við sölu verður aflað tilboða frá fasteignasölum í sölubókun og eignin auglýst.

Það sem af er árinu 2024 hefur bærinn gengið frá kaupum á 5 íbúðum. Einnig er búið að klára uppgjör á stofnframlögum (12%) til Brynju leigufélags vegna kaupa á fjórum íbúðum og á næstu dögum verður gengið frá stofnframlagi til Þroskahjálpar vegna kaupa á tveimur íbúðum.

Er því óskað eftir að bæjarráð/bæjarstjórn veiti undirrituðum Ingólfi Arnarsyni, kt.050656-3149 heimild til að fullgilda kaupsamning vegna sölu þessarar eignar og við fullnaðaruppgjör, afsal vegna hennar.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri